

Ár 2018, fimmtudaginn 9. ágúst, kl. 12:00 er dómþing áfrýjunardómstóls Knattspyrnusambands Íslands(KSÍ) háð á skrifstofu KSÍ í Laugardal, af Sigurði G. Guðjónssyni(dómsformanni), Lúðvíki Erni Steinarssyni og Kolbeini Árnasyni.

**Fyrir er tekið
mál nr. 2/2018
Selfoss Knattspyrnudeild
gegn
Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ**

Í málinu er kveðinn upp svohljóðandi

dómur.

I

Mál þetta dæma Sigurður G. Guðjónsson, Lúðvík Örn Steinarsson og Kolbeinn Árnason.

Hinn áfrýjaði úrskurði aga- og úrskurðarnefndar KSÍ, var kveðinn upp þann 31. júlí 2018, þar sem leikmaður Selfoss, Gilles Daniel Mbang Ondo, var úrskurðaður í fjögurra leikja bann eftir leik ÍR og Selfoss í Inkasso-deild karla sem fram fór þann 26. júlí 2018.

Áfrýjun úrskurðar aga- og úrskurðarnefndar barst skrifstofu KSÍ þann 3. ágúst 2018 þar sem knattspyrnudeild Selfoss gerir eftirfarandi kröfur:

Að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ verði mildaður og hin þyngda refsing leikmannsins um tvo leiki umfram sjálfkrafa tveggja leikja leikbanni verði felld niður og leikmanninum, Gilles Daniel Mbang Ondo, verði aðeins gert að sitja af sér tveggja leikja bann í stað fjögurra leikja.

Ekki liggur fyrir greinargerð frá varnaraðila í málinu.

II

Málavextir voru þeir að í leik ÍR og Selfoss sem fram fór þann 26. júlí 2018 í Inkasso-deild karla fékk leikmaður Selfoss, Gilles Daniel Mbang Ondo, brottvísun. Að leik loknum barst aga- og úrskurðarnefnd KSÍ skýrsla frá dómara leiksins Jóhanni Inga Jónssyni vegna brottvísunar leikmannsins. Á fundi aga- og úrskurðarnefndar KSÍ þann 31. júlí 2018 var leikmaðurinn svo úrskurðaður í fjögurra leikja bann frá keppni í Íslandsmóti. Áfrýjun á úrskurði aga- og úrskurðarnefndar barst skrifstofu KSÍ þann 3. ágúst 2018 frá knattspyrnudeild Selfoss þar sem gerðar voru þær kröfur að leikbann Gilles Mbang Ondo verði mildað úr fjórum leikjum í tvö. Knattspyrndeild Selfoss andmælir þeirri ákvörðun aga- og úrskurðarnefndar KSÍ í úrskurði sínum að bæta við tveimur leikjum í þyngingu við það sjálfkrafa tveggja leikja bann, sem beið leikmannsins Gilles Daniel Mbang Ondo.

III

Dómurinn hefur yfirfarið öll fyrirliggjandi gögn málsins. Hinn áfrýjaði úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ var kveðinn upp þann 31. júlí 2018. Með honum var Gilles Daniel Mbang

Ondo leikmaður meistaraflokks knattspyrnudeildar Ungmennafélagsins Selfoss úrskurðaður í fjögurra leikja bann eftir að hafa fengið beint rautt spjald frá dómara, og þar með brottvísun af velli, í leik Selfoss og ÍR í Inkasso-deild karla þann 26. júlí 2018. Var þetta annað rauða spjald leikmannsins á keppnistímabilinu. Samkvæmt 13. gr. reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál leiða tvær brottvísanir leikmanns sjálfkrafa til tveggja leikja banns. Leikmaðurinn var afar ósáttur við brottvísunina og sakaði dómara leiksins um kynþátta misrétti. Eftir að leik lauk vildi leikmaðurinn ræða brottvikningu sína enn frekar við dómara leiksins meðal annars í aðstöðu þeirra á leikvellingum. Vegna þessa háttarlags var það niðurstaða Aga- og úrskurðarnefndar KSÍ að Gilles Daniel Mbang Ondo bæri að sæta fjögurra leikja banni.

Áfrýjandi krefst þetta að refsing Gilles Daniel Mbang Ondo verði milduð þannig að hann sæti aðeins leikbanni í tvo leiki, en ekki fjóra.

Mál þetta var rekið fyrir Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ í samræmi við ákvæði 6. gr. reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Við meðferð málsins var meðal annars stuðst við myndbandsupptöku af atviki því sem leiddi til brottvísunar Gilles Daniel Mbang Ondo.

Fram kemur í skýrslu dómara leiksins að Gilles Daniel Mbang Ondo hafi verið rekinn af vell fyrir ofsafengna framkomu. Eftir brottvikningu hrópaði leikmaðurinn að dómaraþingum „Fucking rasists“. Eftir að leik lauk var dómurum ljóst að leikmaðurinn taldi sig eiga eitthvað vantalað við þá, þar sem hann beið þeirra í gönguleið að búningsherbergjum. Leikmaðurinn hóf þá á ný að ásaka þá um kynþáttafordóma í sinn garð. Starfsmaður knattspyrnuliðs Selfoss brást við og leiddi leikmanninn á brott og til búningsklefa. Gilles Daniel Mbang Ondo taldi ekki nóg að gert heldur ákvað að fara til fundar við dómara leiksins í klefa þeirra og ræða enn frekar brottvísun sína. Samkvæmt skýrslu dómara leiksins var það spjall á rólegu nótunum í upphafi en endaði með æsing af hálfu leikmannsins, sem á ný sakaði dómara um kynþáttafordóma. Fór svo að Gilles Daniel Mbang Ondo var fjarlægður úr klefanum af starfsmanni ÍR og leikmanni Selfoss.

Með framangreindu háttarlagi sýndi Gilles Daniel Mbang Ondo af sér háttsemi sem er með öllu ólíðandi við iðkun knattspyrnu og fer gegn ákvæðum 4. gr. reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót, sem býður að félög, iðkendur, forystumenn og aðrir skuli jafnan sýna drengskap og forðast hvaðeina sem rýrt getur álit almennings á íþróttinni og koma fram af hollustu, heiðarleika og sönnum íþróttanda.

Með vísan til framangreinds, og dóms áfrýjunardómstólsins í máli nr. 1/2012, er úrskurður Aga- og úrskurðarnefndar um fjögurra leikja bann Gilles Daniel Mbang Ondo staðfestur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sigurður G. Guðjónsson [sign]

Lúðvík Örn Steinarsson [sign]

Kolbeinn Árnason [sign]